

Ástand tækja á skólalóð Grunnskólans á Ísafirði.

Haust 2020.

Höfundur skýrslu: Viðar Kristinsson, húsvörður

Höfundur hefur lokið námskeið frá Vinnueftirlitinu í Áhættumatsgerð.

Myndir: Viðar

Höfundur skýrslu setur ekki sit mat á ástandi eða staðsetning á þeim. Hann leggur ekki fram hvaða lagfæringar er hægt að fara í.

Tæki við Austurveg. Milli sundahallar og grunnskólans.



Undir setunni er boltar og festingar ryðgaðar í sundur. Tækið er laust og skröltir.

Gúmmímottur beyglaðar og snjáðar. Byrjað að brotna úr þeim og dreifast um lóðina og inní skólann.

Öll málning á stétt er farinn af.



Kastalinn er í góður burðarástandi. Allt fast og vel hert á öllu. Öll gúmmí á keðjum ennþá til staðar og þokkalegur ástandi. Ekkert alvarlegt slit.

Málning farin af á snertiflötum og timburverk þarf að fá nýja umferð af lakki. Þarf samt að ástand skoða frá sérfræðingi.

Gúmmímottur að slitna og brotna úr þeim og dreifast um lóðina.



Ljót ástand á þessum tækjum. Diskar neðst á tækinu eru brotnir og standa ryðgaðir boltar og brotið timbur verk út úr tækinu og líklegt til að valda skaða á einstaklingi eða fatnaði.

Gúmmímottur í þokkalegir ástandi. Orðnar slitnar vegna aldurs.

Þetta tæki snýst á miklum hraða og einstaklingurinn á það til að hendast af. Ekki öruggt fyrir börn.

Þar sem þetta svæði er aðalega notað fyrir yngstu nemenduna.





Tækið er fast við jörð. Timburverk slitið. Verður sleppt þegar blotnar og frystir. Rifin strigi á milli borða.





Brakar og juðar í þeim. Allir boltar í burðarverki eru ryðgaðir og slitnir.

Tréverkir hreyfist til þegar rólað.

Keðjur og setur í góður ástandi. Sýnir bara slit um aldur og notkun.





Körfubolta spjald.

Staðsetning á vafasömum stað. Augljós ástæða. Illa fest og mjög illa hugsa verk. Körfur eiga ekki að vera klesstar upp við vegg.



Allt í topp ástandi hér. Ekkert slit eða brot sjáanleg. Allt virkar eins og það á að virka.

Gúmmímottur fastar og heilar. Ekkert ryð eða tæring sjáaleg.



Girðinga er beygluð og brotinn á hinum ýmsu stöðum. Málning farin að flagna af. Hlið er beygluð og slitið.

Tæki og vellir við Skólaveg. Portið.

Gúmmí mottur ónýttar og farið að brotna vel úr þeim og dreifast um lóðina g inní skólann. Mjög subbulegt ástand og ljót.









Ástandið á þessum tækjum er gott. Þau eru ný og eru en í góðu standi.



Þetta tæki er mikil vandræða bálkur. Það er til tilefni um handleggsbrot sem bein afleiðing af þessu tæki. Tækið er of hátt fyrir krakkana sem leika sér þarna. Gúmmí mottur eru rifnar upp og þeim staflað upp til að komast í gripinn. Síðan ýtta þeir hvort öðrum á miklum hraða með þeim afleiðingum að þau detta illa með afleiðingum.

Skólaliðar og stafsfolk skólans telja þetta ekki öruggt tæki.

Körfur og körfuboltavöllurinn.

Spjald og hringur skakkur og alltof hátt fyrir krakkana að spila við.

Völlur breytis í svell og klakka brynju við fyrsta snjó. Illa nýttur völlur og svæði.





Sparkvöllur í porti.

Mottan er slitinn og illa farin. Engin girðing til að girða af leikinn. Boltinn lendir á rúðum á kennslustofum. Með skýr dæmi um það. Mörkinn eru laus og netin eru gerð úr neti frá sjávarútveiginum. (góð nýting)

Það er engin friður fyrir börn í kringum völinn því boltinn er alltaf að fara útaf og trufla aðra.

Völlurinn er líka stór og tekur mest allt portið. Mætti vera minni og betur hugsaður.